

Tillögur vinnuhópsins – stefnumótun um lengri gönguleiðir

Lögð er fram tillaga að kerfi viðmiða um umsjón með lengri gönguleiðum og umfang innviða á þeim. Kerfið ber vinnuheitið „Stika“. Viðföng viðmiðanna eru einstaka gönguleiðir, tvær dagleiðir eða lengri. Kerfið leggur til skilgreiningar á umsjónaraðilum leiða, hlutverki þeirra og ábyrgð. Einnig flokkar kerfið gönguleiðir í þrjá flokka, sem nefndir eru Stikur, eftir umfangi þeirra innviða á leiðinni sem beint tengjast hlutverki leiðarinnar sem ferðamannaleiðar. Þátttaka í kerfinu felur í sér yfirlýsta ákvörðun um ábyrga stjórnun gönguleiða, stefnumótun og reglulegt eftirlit með ástandi stíga, náttúru, minja og innviða.

Kerfið horfir ekki til þess að umfangsmikil uppbygging innviða sé sjálfgefin á öllum gönguleiðum. Frekar er horft til hófstilltra innviða í formi stikunar og merkinga gönguleiða, salernisaðstöðu og gistimöguleikum á tjaldsvæði annars vegar og í skála eða hóteli hins vegar og ávallt í samræmi við náttúru og umhverfi hvers staðar. Við gönguleiðir á láglandi og í nágrenni við þéttbýli gætu verið umfangsmeiri innviðir en minni innviðir á fáfarnari stöðum svo sem innan þjóðlenda á hálendinu. Kerfið gerir ráð fyrir að umsjónaraðilar gönguleiða marki gönguleiðunum stefnu um magn og umfang innviða þannig að tryggt sé að uppbygging þeirra samræmist langtímastefnu.

Innan vinnuhópsins var samhljómur um að ekki væri ákjósanlegt að velja gönguleiðir sem krefjast sérhæfðar þekkingar og þjálfunar inn í kerfið.

Til viðbótar er lögð fram framtíðarsýn eða leiðarljós fyrir lengri gönguleiðir:

Að til verði kerfi varðandi utanumhald um lengri gönguleiðir (tvær dagleiðir eða lengri) með skilgreindum umsjónaraðila hvernar leiðar ásamt stefnu þeirra um þróun gönguleiðarinnar og hvaða flokk Stiku stefnt er að því að hver leið uppfylli. Innviðir verði lágstemmdir og umhverfisvænir og þess gætt að þeir falli vel inn í umhverfi. Uppbygging innviða verði eins umfangslítill og kostur er. Upplýsingar um gönguleiðir verði aðgengilegar fyrir notendur ásamt því að bæta öryggi og vernda náttúru- og menningarminjar.

Nafn á kerfið og flokka innan kerfisins

Eins og kemur fram að ofan hefur vinnuhópurinn notast við vinnuheitið „Stika“ á kerfið sem hér er kynnt. Í ljós hefur komið að þetta nafn er ekki hentugt þar sem sá misskilningur hefur komið upp að kerfið vísi einungis til þess hvort gönguleiðir séu stikaðar eða ekki.

Vinnuhópurinn kallar eftir hugmyndum um einfalt, lýsandi og þjáltnafn sem nota má í stað „Stiku“-nafnsins, eins og það er notað í umfjölluninni sem hér fer á eftir. Leitað er að íslensku nafni sem annaðhvort er einfalt að þýða yfir á ensku og önnur tungumál eða er einfalt fyrir fólk með annað móðurmál en íslensku að bera fram. Vinnuhópurinn mun hafa innsendar tillögur að nöfnum til hliðsjónar við skil á lokatillögum til ráðherra.

Umsjón með Stiku-kerfinu

Töluverð umræða fór fram innan vinnuhópsins um hvernig færi best á því að halda utan um Stiku-kerfið í heild. Raunhæfast þótti að annaðhvort yrði um heiðursmannasamkomulag að ræða eða hins vegar að einhver stofnun hins opinbera héldi utan um kerfið. Þessum tillögum er nánar lýst í töflunni hér að neðan:

Kerfi	Kostir	Gallar
Heiðursmanna-samkomulag – hið opinbera skilgreinir viðmið fyrir Stiku-kerfið og umsjónaraðilar gönguleiða innleiða þau og fylgja eftir gagnvart sjálfum sér	- Lágmarkskostnaður fyrir umsjónaraðila leiða vegna samskipta við opinbera aðila -Lágmarkskostnaður hins opinbera við ut anumhald kerfisins	- Erfitt fyrir notendur gönguleiða að staðreyna að þær uppfylli viðmið í reynd - Ólíklegt að sú yfirsýn yfir gönguleiðir hérlandis, sem löggjafinn óskaði eftir, næðist fram - Óvíst að styrktaraðilar myndu líta á Stiku-merkið sem raunverulegan gæðastimpil
Ríkisstofnun heldur utan um kerfið - stofnun, ráðuneyti eða annar opinber aðili hefur umsýslu með að taka gönguleiðir inn í kerfið og fylgja eftir að viðmið séu uppfyllt	- Tryggir yfirsýn yfir stöðu og ástand helstu lengri gönguleiða landsins - Auðvelt fyrir notendur gönguleiða að staðreyna að þær uppfylli viðmið - Stiku-merking gæti orðið ákveðinn gæðastimpill, t.d. í augum styrktaraðila	- Umsjónaraðilar gönguleiða munu þurfa að leggja í vinnu vegna samskipta við hið opinbera, til að viðhalda stöðu leiðanna í kerfinu - Kostnaður mun fylgja þessu fyrirkomulagi, bæði vegna vinnu stofnana og umsjónaraðila

Tafla 1. Tillögur vinnuhópsins að ut anumhaldi um Stiku-kerfið í heild.

Umsjón með einstaka gönguleiðum – samstarfshópar

Við núverandi aðstæður er sjaldan ef nokkurn tíma formlega skilgreint hvaða aðilar bera umsjónarlega ábyrgð á lengri gönguleiðum hérlandis. Er eftirlit með gönguleiðunum því oft gloppótt og óljóst hvar ábyrgð vegna t.d. viðhaldsframkvæmda og fjármögnunar liggur.

Umsjónaraðili fyrir gönguleiðir í viðmiðunarkerfi Stiku getur verið annaðhvort opinber eða sjálfstæður aðili. Aðilar sem koma að rekstri og umsjón gönguleiðar geta verið mismunandi milli gönguleiða. Þar sem fleiri aðilar en einn koma til greina sem umsjónaraðili gönguleiðar er gerð tillaga að stofnun [samstarfshópa](#). Þeir geta m.a. innihaldið fulltrúa frá eftirfarandi aðilum sem eiga einhverja aðkomu að gönguleiðinni: Ferðafélagi/-félögum; sveitarfélagi/-félögum, ferðaþjónustuaðilum, landeigendum, stofnunum sem fara með umsjón lands í opinberri umsjón, og eftir atvikum önnur ferðafélög eða félagasamtök.

Markmið samstarfshópa er að skilgreina hlutverk og ábyrgð mismunandi aðila innan hópsins og mynda sameiginlega áætlun og sýn um umsjón gönguleiðar.

Flokkun gönguleiða, Stika I-III

Vinnuhópurinn leggur fram eftirfarandi flokkun eftir innviðum og þjónustustigi í kerfi Stiku I-III. Gert er ráð fyrir að frumkvæði að því að gerast aðili að Stiku- kerfinu komi í öllum tilfellum frá umsýðunaraðila/-aðilum gönguleiða. Umsýðunaraðilar gönguleiða eru í öllum tilfellum sá aðili sem tekur ákvörðun um hversu mörgum Stikum skuli stefnt á að gönguleið uppfylli, og hefur umsýðun með því.

Allir flokkar:

- Umsýðunaraðilar/samstarfshópur hefur verið skilgreindur og er með virka starfsemi við stýringu gönguleiðarinnar
- Upplýsingar um gönguleið eru aðgengilegar fyrir notendur, t.d. á vefsíðu opinberra aðila, ferðafélaga eða ferðaþjónustufyrirtækja
- Ástandsmat fer fram að vori og hausti og brugðist við niðurstöðunni með viðeigandi aðgerðum eftir þörfum

Viðmið	Stika I	Stika II	Stika III
Merkingar á leið			
Gönguleið er stikuð	Að mestu leyti, stígar greinilegir	Já	Já
Vegprestar á þeim stöðum þar sem gönguleiðir greinast	Ekki krafa	Ekki krafa	Já
Gisting			
Skilgreindir náttstaðir	Ekki krafa	Að hluta	Já
Tjaldstæði og/eða skálagisting í náttstað	Ekki krafa	Oftast	Já
Annað			
Upplýsinga- og fræðsluskilti við hverja dagleið	Ekki krafa	Ekki krafa	Já
Skilgreint opnunartímabil	Ekki krafa	Ekki krafa	Já
Dæmi um leið, m.v. magn innviða í mars 2022	Vatnaleið	Fimmvörðuháls, Strútsstígur, Sveinst.-Skæl., Kjalvegur	Laugavegur, Víknaslóð

Tafla 2. Samantekt á viðmiðum Stiku I-III.

Ástandsmat og vöktun

Í tengslum við störf vinnuhópsins hefur Umhverfisstofnun aðlagð [verkfæri](#) sem þróað var á stofnuninni til að meta ástand áfangastaða innan friðlýstra svæða svo meta megir ástand gönguleiða, innviða á þeim og náttúru- og menningarminja á gönguleiðinni.

Vinnuhópurinn gerir það að tillögu sinni að nýtt verkfæri Umhverfisstofnunar til að meta ástand gönguleiða verði notað til tryggja eftirlit með ástandi þeirra. Umsjónaraðilar gönguleiða sjái um að gera úttekt á gönguleiðum að vori og hausti. Niðurstöður ástandsmats má svo nýta í gerð aðgerða- og framkvæmdaáætlana fyrir gönguleiðirnar.

Aðgengi að upplýsingum um erfiðleikastig, þjónustu og öryggi

Upplýsingar um gönguleiðir í Stiku-kerfinu skulu vera aðgengilegar á auðfinnanlegri heimasíðu, t.d. heimasíðu ferðafélags. Þar komi að lágmarki fram eftirfarandi upplýsingar:

- Stiku-flokkun gönguleiðarinnar
- Erfiðleikastuðull gönguleiðarinnar, gjarna brotinn niður eftir dagleiðum eða enn finna (miðað er við að notast sé við sömu erfiðleikaflokkun og notuð er á verndarsvæðum hérlandis)
- Merkingar á leiðinni, upplýsingar um hve auðrötuð leiðin er
- Gistimöguleikar
- Salernisaðstaða á dagleiðum og í náttstað
- Möguleikar á ferðum að upphafsstað gönguleiðar og frá endastað
- Annað sem umsjónaraðilar telja mikilvægt að koma á framfæri við notendur gönguleiðarinnar

Stefnu- og upplýsingaskjöl fyrir lengri gönguleiðir

Unnið verði stefnu- og upplýsingaskjal fyrir hverja gönguleið þar sem tekin er saman stefnumótun samstarfshóps um gönguleiðina, sbr. tillögur hér að ofan. Stefnu- og upplýsingaskjalið verði lifandi plagg, uppfært af samstarfshópi þegar þörf krefur, og verði ávallt aðgengileg notendum og umsjónaraðilum, t.d. á vefsvæði gönguleiðarinnar og/eða á upplýsingaskiltum á gönguleiðinni sjálfri. Stefnu- og upplýsingaskjal myndi fjalla um:

- Samstarfshópur, samsetning og verkaskipting
- Flokkun gönguleiðarinnar (Stika I, II eða III), forsendur fyrir flokkuninni og stefna samstarfshóps um innviði á gönguleiðinni
- Ástandsmat gönguleiðar, tíðni þess og framkvæmd. Einnig (þegar frá líður) samantekt á niðurstöðum
- Erfiðleikastig og öryggismál, þ. á m. umfjöllun um viðhald innviða í þágu öryggis
- Fjármögnun

Slík stefnu- og upplýsingaskjöl gætu vel átt heima innan eða sem hluti af öðrum stjórnunar- og verndaráætlunum sem ná yfir þau svæði sem gönguleið er hluti af, t.d. innan þjóðgarða og verndarsvæða.